

Selfossi, 22. maí 2018

FUNDARGERÐ
félagsmálanefndar Árborgar

35. fundur félagsmálanefndar Árborgar, kjörtímabilið 2014-2018, haldinn þriðjudaginn 22. maí 2018 í Setri Egils, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, kl. 16:15.

Mætt:

Ari B. Thorarensen, formaður, D-lista
Jóna S. Sigurbjartsdóttir, nefndarmaður, D-lista
Þórdís Kristinsdóttir, nefndarmaður, D-lista
Svava Júlía Jónsdóttir, nefndarmaður, S-lista
Eyrún Björg Magnúsdóttir, nefndarmaður, Æ-lista
Sigdís Erla Ragnarsdóttir, áheyrnarfulltrúi ungmennaráðs
Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir, félagsmálastjóri

Formaður leitar afbrigða til að taka mál nr. 18051680 og nr. 18051684 á dagskrá og er það samþykkt samhljóða.

Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir ritar fundargerð

Dagskrá:

Almenn afgreiðslumál

1. 1804312 - Styrkbeiðni - starfsemi klúbbsins Geysi 2018

Félagsmálanefnd samþykkir að veita 50.000 kr. styrk til klúbbsins Geysi vegna starfsárs 2018.

2. 18051614 - Húsnæðismál - trúnaðarmál

Trúnaðarmál fært í trúnaðarmálabók.

3. 18051615 - Húsnæðismál - trúnaðarmál

Trúnaðarmál fært í trúnaðarmálabók.

7. 18051680 - Snemmtæk íhlutun

Markmið snemmtækra íhlutunar er að koma snemma að málum barna og fjölskyldna með fjölþættan vanda og veita þeim ráðgjöf, stuðning og þjónustu. Mikilvægt er að vinna þvert á svið félagsþjónustu-, fræðslu-, frístunda- og heilbrigðissviðs. Með nýju verklagi skapast sterk tenging og



virkt samstarf milli allra fagsviða. Með því að grípa fyrir inn í mál eru meiri líkur á að mál leysist farsælega og vandinn verði minni.

Ljóst er að fjölga þarf starfsfólki á fyrrgreindum sviðum.

Félagsmálanefnd felur félagsmálastjóra að vinna með sviðstjórum fræðslu- og frístundasviðs sem og heilbrigðisstofnun Suðurlands að undirbúningi teymis sem vinna mun samkvæmt hugmyndafræði snemmtækra íhlutunar.

8. 18051684 - Ályktun um álag hjá löggæslu og sjúkraflutningum á Suðurlandi

Í ljósi langvarandi álags á löggæslu og sjúkraflutninga á Suðurlandi telur félagsmálanefnd sig knúna til að leggja fram beiðni til viðeigandi yfirvalda að fjölga í mannafla þeirra. Félagsþjónustan vinnur náið með löggæslunni og finnur fyrir auknu álagi sem getur haft alvarlegar afleiðingar.

Erindi til kynningar

4. 1804149 - Greinargerð um þjónustu SÁÁ

Greinargerð um þjónustu SÁÁ lögð fram til kynningar. Í ljósi nýlegrar umfjöllunar um að Vogur stefni á að hætta bjóða börnum upp á að sækja meðferð hjá sér er brýn nauðsyn að finna aðra lausn. Mikilvægt er að sinna börnum í bráðum vanda og að sú aðstaða verði aðskilin frá fullorðnum.

5. 1804017 - Rannsókn á þjónustu fyrir aldraða á Íslandi

Lagt fram til kynningar.


6. 1801180 - Hagstofuskýrsla fyrir árið 2017

Tvær skýrslur til Hagstofu vegna talningar á þjónustu í: málefnum, aldraðra, dagforeldra, fjárhagsaðstoðar og málefna fatlaðra lagðar fram til kynningar.


Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 17:25



Ari B. Thorarensen



Þórdís Kristinsdóttir



Jóna S. Sigurbjartsdóttir



Svava Júlía Jónsdóttir

Eyrún B. Magnúsdóttir
Eyrún Björg Magnúsdóttir

Guðlaug J. Hilmarisdóttir
Guðlaug J. Hilmarisdóttir

Sigdís Erla Ragnarsdóttir
Sigdís Erla Ragnarsdóttir
